

SAMÞYKT

um

52
24 júní

**breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík
frá 5. janúar 1923.**

Í stað „20. júlí“ í 2. gr. 4. lið samþykktarinnar komi: 1. júlí.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaup-
staðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2.
ágúst 1918, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1927 og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1927.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKT

um

53
12. júlí

lokun sölubúða í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfjelaga og heildsala skal
lokað eftir því, er segir í 2., 3. og 4. gr.

Undanskildar eru þó sölubúðir, sem eingöngu versla með brauð,
kökur og mjólk.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 30. júní skulu sölubúðir vera
lokaðar virka daga frá kl. 7 síðdegis til kl. 8 árdegis, frá 1. júlí til
30. september frá kl. 9 síðdegis til kl. 8 árdegis, nema á laugardög-
um til kl. 10 síðdegis.